

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Málfrélsissjóð.

1. gr.

Heiti og heimili.

Sjóðurinn heitir Málfrélsissjóður og á heimili í Reykjavík. Sjóðurinn er stofnaður í samræmi við lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá og reglugerð á grundvelli laganna um sama efni nr. 140/2008.

2. gr.

Stofnendur, stofnfé og tekjur.

Stofnendur sjóðsins eru Anna Lotta Michaelsdóttir, kt. 110593-2369 og Erla Guðrún Gísladóttir, kt. 130781-5789. Stofnfé sjóðsins er kr. 3.300.000 og er tilkomið vegna frjálsra framlaga. Tekjur sjóðsins verða vextir, styrkir, áheit, gjafir eða önnur framlög sem stofnuninni kunna að berast. Sjóðnum er óheimilt að verja tekjum, vöxtum, framlögum, eignum eða réttindum til annarra verkefna en þeirra sem samræmast markmiði sjóðsins. Sjóðurinn skal varðveittur á bankareikningi.

3. gr.

Markmið.

Markmið Málfrélsissjóðs er að styrkja fólk sem hefur verið dæmt vegna tjáningar sinnar um kynbundið ofbeldi á opinberum vettvangi. Þessir einstaklingar munu geta sótt um styrkveitingar úr sjóðnum til greiðslu hvers kyns lögmannskostnaðar, til dæmis málskostnaðar, kostnaðar við birtingu dóms, skaðabóta og alls kostnaðar er kann að falla á viðkomandi vegna dómsmáls vegna framan-greindrar tjáningar.

4. gr.

Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur stjórnarmönnum og einum til tveimur varamönnum. Fyrsta stjórn skal valin og skipuð af stofnendum sjóðsins við stofnun hans. Kjörtímabil stjórnar hefst við stofnun hans og skal stjórn starfa til tveggja ára. Við lok kjörtímabils stjórnar mun fráfariandi stjórn eftirleidis kjósa nýja stjórn. Stjórn fer með æðsta vald sjóðsins ásamt fjárvörslu og ákvörðunarvaldi um fjárveitingar. Stjórn sjóðsins tekur sameiginlega allar ákvarðanir f.h. sjóðsins. Allar ákvarðanir stjórnar þurfa einróma samþykki allra stjórnarmanna til að öðlast gildi og skuldbinda sjóðinn.

5. gr.

Ráðstöfun fjármuna.

Fjármunum stofnunarinnar skal varið til þeirra verkefna er greinir í 3. gr. skipulagsskrár þessarar. Stjórn sjóðsins hefur frelsi til að meta umsóknir út frá aðstæðum og mikilvægi hverju sinni. Stjórn sjóðsins er heimilt að ákveða að styrkja einstakling aðeins vegna hluta kostnaðar viðkomandi. Stjórn sjóðsins getur sett sér nákvæmari úthlutunarreglur ef þurfa þykir. Stjórn sjóðsins getur ákveðið að styrkja einstakling á grundvelli ábendingar þar um, umsóknar eða að eigin frumkvæði. Stjórn sjóðsins er ávallt heimilt að setja sem skilyrði að einstaklingur leggi fram gögn eða veiti upplýsingar um þann kostnað er viðkomandi óskar styrks úr sjóðnum til greiðslu.

6. gr.

Ársreikningar og endurskoðun.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjóðsins og til næstu áramóta. Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur eða skoðunarmenn til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár á aðalfundi. Endurskoðendur eða skoðunarmenn má ekki kjósa úr hópi stjórnar. Endurskoðaðan reikning sjóðsins, ásamt athugasemdum endurskoðenda eða skoðunarmanna, fyrir liðið reikningsár og starfsár skal leggja fyrir aðalfund stjórnar til samþykktar í síðasta lagi viku fyrir aðalfund.

7. gr.

Slit og niðurlagning.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

8. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 27. nóvember 2019,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrimsdóttir.